

Nr. 20.
22.
septbr.

Lög

um

afhending lóðar til vitabyggingar o. fl.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru :

1. gr.

Hverjum manni er skylt að láta af hendi, gegn hæfilegu endurgjaldi, lóð eptir þörfum til vitastæðis, undir íveruhús og til ræktunar handa vitagæzlumönnum, til vega í þarfir vita o. fl., og ennfremur lóð þá, er þarf til að stækka áður gerða vita.

Ennfremur má skylda hvern mann til að leyfa, að efni þau, er þarf til að byggja eða halda við vitum, svo sem grjót, möl, sandur, leir o. sv. frv., sje tekin úr lóð hans eða flutt um hana, gegn endurgjaldi bæði fyrir það, sem efni þessi kosta og fyrir það, sem hann að öðru leyti kann að skaðast á burtnáminu og vinnunni við það.

2. gr.

Landshöfðingi ákveður í hvert sinn, að hvað miklu leyti beri að afhenda lóð og leyfa bráðabirgðaaafnot af lóð annars manns samkvæmt 1. gr. Hann getur og ákveðið, að kvaðir skuli lagðar gegn endurgjaldi á landið umhverfis vita, að því er snertir húsa-byggingar þar, hagagöngu fyrir skepnur vitagæzlumanna og því um líkt, ef kvaðir þær þykja nauðsynlegar vegna vitanna, eða þess er þeim til heyrir.

3. gr.

Ef eigi verður komið við samningum um endurgjaldið samkvæmt undarfarandi greinum, skulu það ávallt meta óhlutdrægir, dómkvaddir menn.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaluborg, 22. september 1899.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hørring.

Autoriseret Oversættelse i Henshold til Lov 18de September 1891.

Lov

om

Afstaaelse af Grund til Fyranlæg m. m.

Nr. 20.
22de
Septbr.

**Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Benders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,**

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Enhver er pligtig til mod Erstatning at afstaa den til Anlæg af Fyr med Boliger og Jordlod til Dyrkning for Opsynspersonalet samt tilhørende Vejforbindelser m. v. saavel som til bestaaende Fyranlægs Udvidelse fornødne Grund.

Ligeledes kan enhver tilpligtes at taale, at de til et Fyranlægs Opførelse eller Vedligeholdelse nødvendige Materialier saasom Sten, Grus, Sand, Ler o. s. v. tages fra eller føres over hans Grund imod Erstatning saavel for Materialiernes Værdi som for den ham ved Borttagelsen og Arbejdet i øvrigt paaførte Skade.

§ 2.

I hvilket Omfang Grundafstaaelse og midlertidig Benyttelse af Andenmands Grund i Overensstemmelse med § 1 skal finde Sted, bestemmes i hvert enkelt Tilfælde af Lands-høvdingen, der ligeledes kan bestemme, at der mod Erstatning paalægges de omkring Fyrene beliggende Jorder servitutmæssige Byrder med Hensyn til Bebyggelse, Benyttelse til Græsning for Opsynspersonalets Kreaturer og lign., for saa vidt saadanne Byrder af Hensyn til Fyrene eller deres Tilliggende synes nødvendige.

§ 3.

I Mangel af Overenskomst bliver Erstatningen i alle fornævnte Tilfælde at fastsætte ved Takstation af uvillige, inden Retten udmeldte Mænd.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 22de September 1899.

Ministeriet for Jøslund, den 22de September 1899.

Hørring.

Ólafur Halldórsson.